

31. janúar 1980.

145

Nr. 104.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Rangár Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Rangár Apóteks vera sem hér segir:
Mánudaga — föstudaga kl. 9.15—12.15 og kl. 14.00—17.30.
Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. greinar fyrirnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 31. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

28. janúar 1980.

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar á grásleppu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við báta 12 brúttórúmlestir og minni.

Leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, er þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við grásleppuveiðar annan bát en þann, sem leyfið er bundið við t. d. til flutnings á afla eða dráttar báta.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin tíð tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

- a. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 18. apríl til 17. júlí.
- b. Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 25. apríl til 25. júlí.

B 19